



BA ritgerð

Mannfræði

Er kjötið á disknum vinur eða matur?

Ýmsar hliðar kjötáts

Signý Guðmundsdóttir

Helga Ögmundardóttir
Júní 2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

Er kjötið á disknum vinur eða matur?

Ýmsar hliðar kjötáts

Signý Guðmundsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Leiðbeinandi: Helga Ögmundardóttir

12 einingar

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní, 2021

Er kjötið á disknum vinur eða matur?

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í mannfræði
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Signý Guðmundsdóttir, 2021

Reykjavík, Ísland, 2021

Útdráttur

Í þessari ritgerð verður sjónum beitt að kjötneyslu en helsta áherslan verður lögð á að útskýra hvers vegna það ætti ekki að borða dýr. Notast verður við mannfræðileg hugtök til þess að skýra hvernig menning skiptir sköpum þegar talað er um kjöt. Rýnt verður í kenningar sem útskýra menningarlegan mun en einnig verður rýnt í þá fordóma sem hafa komið til vegna ólíkra menningarsvæða og þ.a.l. ólíkrar sýnar á kjötát. Reynt verður að útskýra fyrir lesendum hvers vegna það er í raun enginn munur á því að borða svín og að borða hunda. Gæludýrahald verður skoðað og mikilvægi þess fyrir manninn en einnig verða skoðaðar dýrategundir sem ekki falla undir húsdýr en eru alin upp til manneldis á sumum menningarsvæðum. Einnig verður farið yfir þær umhverfislegu hliðar sem fylgja kjötáti og sýnt fram á þær afleiðingar sem búfjárhald og verksmiðjubúskapur hafa á loftslagsbreytingar. Jafnramt verður farið yfir siðferðislegar hliðar kjötáts og hvernig manneskjan upplifir ákveðna kjötpversögn (e. meat paradox) þegar hún borðar kjöt af tilteknum dýrategundum en ekki öðrum. Niðurstöður ritgerðarinnar eru þær að neysla á dýraafurðum er óþörf fyrir þá einstaklinga sem hafa tök á því að borða annan mat. Ritgerðin ætti því að fá lesendur til þess að leiða hugann að því að hætta að borða kjöt og sjá fyrir sér breytta framtíð þar sem einungis gervikjöt verður í boði fyrir þá sem á annað borð vilja borða kjöt.

Abstract

In this thesis, the focus will be on meat consumption in general but the main emphasis will be on explaining why we should not eat animals. Anthropological concepts will be used to explain how culture matters when we talk about meat. Theories that explain cultural differences will be reviewed, but also the prejudices that have arisen due to different cultural values concerning meat, and because of that, different perspectives on meat eating. Attempts will be made to explain to readers why there is no real difference in eating pigs and eating dogs. Pet keeping and its importance to humans will be examined, but also the animal species that do not fall under the terms of domestic animals, but are despite that raised for breeding in some cultural areas. The environmental aspects of meat eating will also be examined and research discussed that shows the consequences of livestock and factory farming on climate change. The moral aspects of meat eating and how we live in a certain meat paradox will also be covered. The results of the thesis are that the consumption of animal products is unnecessary for those individuals that have access to and can afford to eat other foods. This thesis should therefore lead readers to consider stop eating meat and envision a changed future where meat analogue or lab grown meat will only be available.

Formáli

Ég vil byrja á því að þakka innilega Helgu Ögmundardóttur, leiðbeinandanum mínum fyrir að vera betri leiðbeinandi en ég hefði nokkurn tímann geta óskað eftir. Án hennar hefði þessi ritgerð ekki orðið að veruleika. Ég vil líka þakka mömmu fyrir að lesa yfir ritgerðina og samnemendum mínum fyrir stuðningin í gegnum skrifin og ekki síður í gegnum öll þessi þrjú ár námsins.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	4
Abstract	5
Formáli.....	6
Efnisyfirlit.....	7
1 Inngangur	8
2 Kjötát.....	10
2.1 Ólíkir menningarheimar	13
3 Gæludýr eða matur?	15
3.1 Velferð dýra	17
3.2 Hundakjöt.....	19
3.3 Kattakjöt.....	20
3.4 Aðrar dýrategundir	21
3.5 Húsdýr.....	23
4 Siðferðislegar hliðar kjötáts	25
Lokaorð	31
Heimildaskrá	33

1 Inngangur

Matarvenjur og matarhefðir hafa lengi verið viðfangsefni mannfræðinnar, þá sérstaklega vegna þess hve menningarlegur og félagslegur matur er. Matur snýst ekki einungis um það að fá í sig fæðu heldur eykur matur ákveðna samveru og samstöðu innan samfélaga og hópa. Matur hefur alla tíð verið mikilvægur partur af lífi mannsins enda hefur maðurinn alla tíð aflað sér fæðu til þess að lifa af, eins og önnur dýr. Það hefur þó tíðkast hjá mannum að afla sér fæðu í hópum með öðrum þar sem maðurinn er félagsvera og því má sjá hvernig matur og mataröflun hefur styrkt ákveðin félagsleg gildi. Það má þó allra helst rekja til þess þegar maðurinn fór fyrst að veiða sér dýr til matar en maðurinn gerði það að miklu leyti í hópum og talið er að það hafi byrjað fyrir u.þ.b. 2,5 milljónum árum síðan (Podberscek, 2009). Það er því ljóst að maðurinn hefur í langan tíma lagt sér önnur dýr til munns. Það eru ekki einungis húsdýr sem maðurinn leggur sér til munns heldur er allur gangur á því, þekkt er að á sumum menningarsvæðum séu skordýr, hundar, kanínur eða kettir borðuð, svo eitthvað sé nefnt. Það er þó orðið verulega vinsælt að fólk kjósi sér það að borða alfarið engin dýr, þ.e. að vera grænmetisætur (e. vegetarian) eða grænkerar (e. vegan). Það er einnig ljóst að dýr til matar hafa ekki einungis verið partur af lífi mannsins heldur hafa gæludýr lengi vel einnig verið borðuð af mannum en í gegnum tíðina hefur það ætíð verið þannig að sum dýr eru borðuð en önnur dýr eru talin vera gæludýr.

Mikið hefur þó breyst síðan það tíðkaðist að staðaldri hjá mannum að veiða sér til matar, í dag þurfum við einungis að fara inn í næstu búð og við getum keypt okkur allskyns kjötvörur. Einnig getum við farið inn í næstu gæludýrabúð og tekið að okkur dýr sem við viljum hafa sem part af okkar lífi. Það er sjaldan hægt að finna sömu dýrin í gæludýrabúð og í matvörubúð í sama landi eða svæði, í einhverjum tilfellum er þó hægt að finna kanínur á báðum stöðum, t.d. í Þýskalandi og sumstaðar í Asíu er hægt að finna hunda og ketti sem annars vegar eru haldin sem gæludýr en hins vegar notuð til matar, en nánar verður farið í það í 3. kafla. Það má samt segja að í gegnum tíðina hafi margt í samfélaginu tekið á sig margar og breytilegar myndir hvað varðar mat og matarvenjur eins og svo margt annað og hefur þetta leitt til þess að maðurinn hefur í gegnum tíðina ómeðvitað skipt sér upp í ákveðin menningarsvæði. Þessi menningarsvæði bæði skarast og blandast og því

tilheyrast einstaklingar fleiri en einum menningarkima og má t.d. sjá hvernig matur hefur á sama tíma tekið á sig margar mismunandi myndir fyrir mismunandi hópa fólks. Á sumum menningarsvæðum tíðkast að borða mat sem önnur menningarsvæði borða ekki. Í kjölfar þess hafa fordómar gegn matarhefðum litað skoðanir fólks á öðrum. Mannfræðin hefur alla tíð verið sú fræðigrein sem segir frá því sem við þekkjum ekki, það er, sem er frábrugðið því sem við þekkjum o.s.frv. Það er því mikilvægt að skoða betur hvernig mannfræðin skiptir máli þegar við tölum um matarvenjur fólks og fordóma sem margir hafa gegn matarvenjum annarra. Þess vegna er mikilvægt fyrir alla að skilja og gera sér grein fyrir menningarlegum mismun. Með þessari ritgerð er vonast eftir því að lesendur átti sig á því að það er ekki nauðsynlegt að borða kjöt og í raun og veru betra fyrir okkur að sleppa því. Einnig verður sýnt hvernig það er í raun enginn munur á því að borða hunda og að borða svín, munurinn liggur einungis í hugmyndum fólks um hunda og svín. Hér verður því skoðað hvernig hefðir og menningarlegur mismunur hefur veruleg áhrif á sýn fólks þegar talað er um kjötneyslu.

Byrjað verður á því að fjalla almennt um kjötát og hvernig það hefur einkennt manninn í gegnum tíðina og út frá því verða svo skoðaðar betur ólíkar menningarlegar venjur og hefðir sem einkenna kjötneyslu mismunandi hópa fólks. Lögð verður áhersla á það hve skaðlegt það getur verið að dæma aðra út frá eigin reynslu og skoðunum þrátt fyrir að það sé ólíkt því sem við þekkjum. Seinna verður svo farið nánar út í gæludýrahald og hvernig það hefur einnig einkennt líf mannsins allt frá því að hann fór að temja fyrstu dýrin. Áhersla verður lögð á það hversu mikilvæg gæludýr eru fyrir manninn og því hvernig mismunandi túlkanir á gæludýrum geta haft neikvæð áhrif á skoðanir fólks gagnvart öðrum, þegar kemur að matarvenjum og kjötáti. Í kjölfar umfjöllunarinnar um gæludýrahald verður farið nánar í umfjöllun um gæludýr sem eru sums staðar elduð til matar, þ.e. hundakjöt, kattakjöt, kanínukjöt og naggrísakjöt. Eftir það verður farið nánar út í það sem við hér á Íslandi þekkjum helst sem kjöt, þ.e. húsdýr. Rýnt verður í sögu húsdýra og hver munurinn á þeim og gæludýrum sé í raun og veru. Í lokakafli verður farið nánar út í siðferðislegar hliðar kjötáts.

2 Kjötát

Matur er mjög mikilvægt rannsóknarefni til þess að fá skilning á menningarlegum hópum en mannfræðin hefur lengi fjallað um mat og allt sem honum við kemur og talið er að rannsóknir á mat séu líklega jafn gamlar og mannfræðin sjálf (Chrzan & Brett, 2019; Johnson & fl., 2011). Mannfræðin hefur ekki bara einblínt á hversu mikilvægur matur er í samfélaginu heldur einnig fjallað um ákveðna matarflokka og hvernig matarmynstur hafa breyst í gegnum tíðina. Tengsl matar við trú, siði, tákni og þjóðerni hefur einnig verið einkennandi í mannfræðirannsóknum (Mintz & Du Bois, 2002; Johnson & fl., 2011) en einnig hafa mannfræðingar í gegnum tíðina skrifað um mismunandi fæðutegundir eins og t.d. maís, kartöflur og hrísgrjón (Mintz & Du Bois, 2002). Claude Lévi-Strauss er, samkvæmt Goszczynski & Wojtewicz (2018), meðal þeirra mannfræðinga sem hefur skoðað tengsl samfélaga og matar en hann kom fram með kenningu sem ber heitið matarþríhyrningur (e. food triangle) og gengur út á það að formgerð þá sem einkennir hvert samfélag sé hægt að rekja til þess hvernig matarformgerðin sé þar. Þannig megi greina þrjá þætti matargerðar, þ.e. hráan náttúrulegan mat, eldaðan mat sem tengist menningu og svo rotnaðan mat sem tengist náttúrunni. Kjötneysla hefur skv. mannfræði og öðrum skyldum fræðigreinum víða verið tengd við karlmennsku og völd. Helsta ástæðan er tengingin við veiðar á dýrum sem beintengdar hafa verið við karlmenn sem veiðimenn (Heinz & Lee, 1998; Ruby & Heine, 2011).

Í mannfræðinni er einblínt á manneskjuna og allt sem henni tengist. Ekki eins mikil áhersla hefur verið lögð á önnur dýr á jörðinni en það hefur þó verið fjallað um stöðu dýra að einhverju leyti, m.a. um útrýmingu tegunda, tengsl manneskjunnar við umhverfið og trúarbrögð og gildi dýra fyrir manneskjuna (Kopnina, 2017; Noske, 1993). Mannfræðin hefur lengi reynt að fjalla um og gagnrýna umræðuna um „hina“ (e. other) þá helst þegar íbúar þriðja heimsins hafa verið álitnir „hinir“. Mikið hefur verið skrifað til þess að vekja athygli á umræðunni um „hina“ og hvernig sú umræða hefur haft í för með sér slæma ímynd fyrir íbúa sem koma frá þróunarríkjum. Noske (1993) vill þó meina að við séum að gleyma ákveðnum hópi sem einnig er litið á sem „hinir“ en hann segir að dýrin séu þessir „hinir“ og að ekki hafi verið lögð mikil áhersla á það í gegnum tíðina. Þetta hefur einnig haft í för með sér að fólk í mörgum tilfellum sér sjálft sig sem æðri dýrum. Það sem

aðskilur okkur þó frá dýrum er okkar upprétti gangur og heilinn okkar (Stanford & fl., 2013).

Að éta önnur dýr er algengt meðal margra dýra á jörðinni, sem eru þá yfirleitt skilgreind sem rándýr, en þetta einkennir ekki síst manninn, Homo sapiens. Rannsóknir benda til þess að neyslu Homo sapiens á holdi annarra dýra megi rekja u.þ.b. 2,5 milljónir ára aftur í tímann (Podberscek, 2009). Ekki er þó vitað hvenær nákvæmlega kjöt byrjaði að skipta svona miklu máli hjá Homo sapiens og ekki heldur hvernig neyslu á kjöti var háttáð hjá öðrum Homo tegundum. Þrátt fyrir þessa óvissu vitum við að Homo sapiens eru prímatar en það er áhugavert að flestir aðrir prímatar eru jurtaætur (e. herbivores) (Stanford & fl., 2013). Það sem aðskilur okkur frá öðrum dýrategundum þegar það kemur að mat er það að við getum valið úr svo mikilli fæðu. Við getum því einmitt valið hvort við viljum borða kjöt eða ekki. Við þurfum ekki kjöt til þess að lifa af (Heinz & Lee, 1998). Neysla á kjöti hjá Homo sapiens hefur þó tekið á sig mjög svo ólíkar myndir í gegnum tíðina. Áður fyrr veiddi Homo sapiens sér til matar en í dag getur margt fólk í flestum ríkjum keypt sér kjöt í öllum helstu matvöruverslunum (Podberscek, 2009). Í dag borðar manneskjan allt frá kjúklingum til katta, en það er mismunandi hvaða dýrategundir fólk leggur sér til munns eftir því í hvaða menningarheimi og menningarkima það býr, t.a.m. ráða ólíkir trúarlegir matarsíðir eða efnahagsleg staða fólks því hvað er borðað í hverju tilfelli. Þess vegna, eins og ólík viðhorf til kjötáts og neyslu á matvöru yfirleitt gefa til kynna, eru ákveðnir fordómar rótgrónir hjá fólki gagnvart öðrum í tengslum við mataræði þeirra (Monteiro & fl., 2017). En það er ekki bara umdeilt og umdeilanlegt hvaða dýrategundir fólk borðar eða er leyfilegt að borða heldur það magn af kjöti sem manneskjur víða um heim neyta. Bara í Bandaríkjunum einum eru yfir hundrað milljónir dýra drepnar til matar á hverju ári en talan á öllum þeim dýrum sem drepin eru um allan heim er auðvitað miklu hærri, þ.e.a.s. meira en 65 milljarðar dýra eru drepnir á ári hverju til að fæða fólk (Lomasky, 2013; Timm, 2016).

Í grein eftir Andrew Chase sem ber heitið Strange Foods (2002) er sagt frá því þegar Margaret Thatcher, þáverandi forsætisráðherra Bretlands, var stödd á Filippseyjum. Mynd af henni hafði verið birt í þekktu blaði í Bretlandi þar sem sjá mátti hundakjöt á sömu mynd. Myndin vakti vægast sagt mikla reiði hjá íbúum Bretlands en hvers vegna? Þrátt fyrir að hundakjöt hafi verið þriðja vinsælasta kjötið á Filippseyjum á þessum tíma

skildu íbúar í Bretlandi ekki hvers vegna íbúar þar gætu látið sér detta í hug að borða hunda. Hundurinn er dýr sem Bretar þekkja einungis sem gæludýr, ekki sem mat. Reiðin í garð neyslu á hundakjöti er þó ekki einungis til staðar hjá íbúum Bretlands heldur er hún mjög einkennandi í okkar vestræna heimi þar sem hundar eru haldnir sem gæludýr og yfirleitt er óhugsandi að leggja sér þá til munns (Dugnoille, 2019).

Það er samt mikilvægt að velta því fyrir sér hvers vegna þessi reiði á sér stað þar sem að íbúar hins vestræna heims borða margir hverjir sjálfir kjöt ýmissa dýra, m.a. svínakjöt, nautakjöt og lambakjöt. Hver er því munurinn á því og að borða hundakjöt? Hér að neðan verður farið nánar í neyslu á hundakjöti, kattakjöti og kanínukjöti. Ástæðan fyrir því að þessi dýr eru tekin fyrir er vegna þess að í hinum vestræna heimi eru þessi dýr oft en ekki aðeins séð sem gæludýr en ekki matur, þótt kanínur lendi oft báðum megin línunnar, svo að segja, sem bæði gæludýr og húsdýr sem ræktuð eru til nytja, til átu og til framleiðslu á angóruull. Einnig verður fjallað um neyslu á húsdýrum, þ.e.a.a.s dýrum sem flestir í hinum vestræni heimi eru vanir að borða.

Það er mikilvægt að skoða betur ákveðið hugtak sem komið hefur fram hér að ofan, þ.e. hinn *vestræni heimur*, en í þessari ritgerð mun hugtakið halda áfram að koma fram og því brýnt að lesandi skilji hvað hugtakið stendur fyrir. Helsta ástæða þessa er sú að hugtakið er afar loðið og oft á tíðum litið hornauga í fræðigreinum eins og mannfræði. McNeill (1997) segir í grein sinni um hinn vestræna heim að það skipti máli hver það er sem talar um vestræna heiminn hverju sinni og túlkunin á því vestræna fari þá almennt eftir þeim sem um hann tala og í hvaða tilgangi. Oftast er, skv. McNeill, augunum beint að Evrópu, N.-Ameríku, Ástralíu og Nýja-Sjálandi, þegar talað er um hinn vestræna heim, en þetta er auðvitað ekki tæmandi listi, sérstaklega þar sem mörg önnur svæði heimsins hafa tileinkað sér vestræn gildi, hefðir og tækni (McNeill, 1997). Ísland tilheyrir þessum vestræna hluta heimsins í hugum flestra og matarvenjur okkar hérlendis líkjast mest venjum fólks í meirihluta evrópskra ríkja, hvað varðar t.d. kjötneyslu og val á þeim dýrum sem þykja matur og hinna sem litið er á sem gæludýr.

2.1 Ólíkir menningarheimar

Eitt megin viðfangsefni mannfræðinnar er að skoða hvað er mismunandi á milli ákveðinna hópa og þjóða, fyrir utan að skoða það sem er sameiginlegt. Menning spilar þar lykilhlutverk en menning snýr að þeim hugmyndum og hegðunarvenjum sem einstaklingar hafa lært sem meðlimir ákveðins menningarhóps og samfélags. Það er því mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvaða máli menning skiptir í samhengi við mat (Sax, 1998; Eriksen, 2010). Menning er mikilvæg fyrir hvert og eitt samfélag en á sama tíma eru menningarheimar mjög mismunandi, m.a. hvað varðar lög, venjur, gildi og viðhorf (Hanrahan, 2010). Við höfum öll gengið í gegnum ákveðna innvígslu inn í okkar menningarheim (e. enculturation), hugtak sem mannfræðingurinn Margaret Mead skilgreindi, en það gengur út á það að við fæðumst öll inn í ákveðna menningu og með því að alast upp í ákveðinni menningu lærum við mismunandi venjur og gildi (Mead, 1963).

Abu-Lughod (1991) segir hugmyndina um aðskilda menningarheima vera skaðlega að því leyti að hún skiptir íbúum heimsins upp í ákveðið stigveldi. Það er þannig frá sjónarhóli margra litið á suma menningarheima sem æðri og betri en aðra. Þetta er sýnilegt þegar talað er um þá menningarheima þar sem borðuð eru dýr sem fyrir öðrum eru þekkt sem gæludýr. Í huga þeirra síðarnefndu eru þá þessir menningarheimar slæmir eða eitthvað í þá veru. Á sama tíma hjálpar hugmyndin um menningu okkur að skilja hvers vegna við borðum ólíkan mat og högum okkur ekki öll eins. Að gera sér grein fyrir því hversu mikilvægt það er að skilja ólíka menningarheima getur skipt sköpum fyrir skilning á siðum og venjum annarra. Við eigum ekki að dæma aðra, þrátt fyrir að það sem þeir einstaklingar gera er ólíkt því sem við þekkjum (Abu-Lughod, 1991; Sax, 1998). Það sem skiptingin upp í þessa aðskildu menningarheima hefur oft ýtt undir er svokölluð þjóðhverfa (e. ethnocentrism) sem gengur út á það að einstaklingar ákveðinnar menningar horfa á heiminn einungis út frá því sem þeir þekja. Sem aftur getur haft í för með sér ákveðna fordóma gagnvart öðrum menningum (Das, 2018).

Menningarleg afstæðishyggja er kenning sem skiptir miklu máli þegar talað er um matarvenjur fólks en hana má rekja til Franz Boas (Caduff, 2011, eins og segir í Stocking, 1996). Boas er talinn vera faðir bandarískrar mannfræði en hann lagði mikla áherslu á það að koma fram með kenningar og rit sem sýndu fólki skilning á öðrum menningarheimum. Helsta markmið hans var því að koma í veg fyrir kynþáttafordóma og þjóðernishyggju (Caduff, 2011). Kenningin gengur út á það að enginn eigi rétt á því að dæma aðra

menningarheima út frá sínum eigin þar sem sá sem gerir það gerir það á hinn sjálfhverfa hátt þjóðernishyggjunnar. Með öðrum orðum þá litast okkar skoðanir á öðrum menningarheimum af því sem við þekkjum sjálf, við sjáum okkar hefðir og venjur sem réttari og betri heldur en hefðir og venjur í menningarheimum sem við skiljum ekki (Zechenter, 1997). Það er því ljóst að þær matarvenjur sem við þekkjum eru hvorki allsráðandi né betri en aðrar. Við eigum að sýna öðrum menningarheimum þann skilning að þeirra matarvenjur geti verið ólíkar því sem við þekkjum.

Hugtakið mannhverfa (e. anthropocentrism) snýst um það að mannkynið sé það mikilvægasta á þessari jörðu, þ.e.a.s. að aðrar lífverur skipti ekki jafn miklu máli og við (Noske, 1997). Þetta er nátengt hugtakinu mannleg sérstöðuhyggja (e. human exceptionalism) sem gengur út á það að að manneskjan sé í grundvallaratriðum ólík öllum öðrum dýrategundum og eigi því frekari rétt á ákveðnum réttindum og siðferðislegum gildum. Þessu er jafnvel haldið fram þrátt fyrir að dýr séu skyni gæddar verur, mörg hver gríðarlega klár og sumar dýrategundir haldi uppi ákveðinni menningu (Cook, 2015). Noske (1993) segir þetta vera mjög einkennandi í fræðilega heiminum og geri það að verkum að dýr eru almennt séð sem minna mikilvæg en manneskjan. Eitt af meginmarkmiðum þessarar ritgerðar er einmitt að reyna fá fólk til þess að staldra við og hugsa af hverju við sjáum dýr sem óæðri okkur þegar allt líf á jörðinni ætti í raun að skipta máli.

Hefðir eru mjög mismunandi eftir þjóðum og menningarheimum og mikilvægur hluti af lífi fólks. Hefðbundinn matur er skilgreindur sem matur sem hefur verið borðaður lengi á ákveðnum stöðum og gengið í ættir og því orðinn partur af hefðum í menningarheimi þjóðar eða hóps (Costa & fl., 2010), t.a.m. er hefð á Íslandi fyrir því að halda þorrablót. Mörgum utanaðkomandi blöskrar að heyra frá því að það sé ákveðin hefð hjá Íslendingum að borða m.a. hákarl, hrútspunga og sviðasultu en fyrir Íslendingum sjálfum er þetta bara eitthvað sem hefur alltaf tíðkast (Bertulli & fl., 2016; Ágúst Ólafsson, 2019). Í suðurhluta New Jersey í Bandaríkjunum tíðkast það að borða bísamrottur (e. muskrats) og haldnar eru þannig veislur árlega seint á veturna og í byrjun vors. Rekja má uppruna þessara veislna til u.þ.b. 1920 en það var um 1600 sem íbúar þarna byrjuðu fyrst að elda bísamrottur (Weaver, 2012). Matarhefðir eru algengar í mörgum þjóðum og mörgum menningarsvæðum en Heinz og Lee (1998) telja matarhefðir ýta undir þá þögn sem fylgir slátrun á dýrum. Með því að sjá kjöt einungis sem mat og matarhefðir horfumst við ekki í

augu við sannleikann sem fylgir kjötáti, þ.e.a.s. slátrun. Matarhefðir eru þó mikill partur í samfélaginu og hafa verið það í aldanna rásir. Matarhefðir spila einnig stóran þátt í trúarlegum hefðum fólks, t.a.m. er ekki leyfilegt fyrir þá sem aðhyllast islam að borða svínakjöt. Í hindúisma er kýrin heilög og þess vegna ekki borðað nautkjöt en í búddatrú tíðkast það að borða hvorki kjöt né fisk (Kwon & Tamang, 2015).

3 Gæludýr eða matur?

Gæludýrahald hefur fylgt mannum lengi en þekkt er að gæludýraeigendur eyði miklum peningum, ást og tíma í dýrin sín. Fyrir mörgum mætti einnig segja að gæludýr þeirra væru þeim eins og börnin þeirra. Enda eru u.þ.b. jafn mörg gæludýr í t.d. Bandaríkjunum og það eru fullorðnir einstaklingar (Archer, 1996). Það er þó lítið vitað um uppruna og þróun gæludýrahalds, en vert er að nefna mikilvægi katta í Egyptalandi til forna (Spencer & fl., 2006). Þó það sé ekki beint hægt að segja að kettirnir hafi þá verið fyrstu gæludýrin vegna þess að þeir voru partur af lífi Egypta af trúarlegum ástæðum þá má samt sjá hversu miklu máli kettirnir skiptu (Spencer & fl., 2006). Talið er að hundurinn hafi verið fyrsta dýrið sem var tamið sem hús- og gæludýr, rétt á undan öðrum húsdýrum, fyrir u.þ.b. fimmtán þúsund árum í Austur-Asíu. Ekki er að fullu vitað hvers vegna það kom til að maðurinn tók að temja hundinn en vísbendingar eru um að það hafi haft eitthvað með mat að gera, þ.e.a.s. hundar eiga að hafa hjálpað mannum að veiða sér til matar eða að þeir hafi sjálfir verið matur (Podberscek, 2009).

Gæludýr eru fyrir flestum gæludýraeigendum partur af fjölskyldunni og þeim er í mörgum tilfellum sýnd jafn mikil ást og einstaklingar myndu sýna börnum sínum. Gæludýr eru gífurlega stór partur af lífi fólks, sumir eigendur taka dýrin sín með í ferðir og annað sem fjölskyldan gerir saman. Gæludýr veita almenningi umhyggju, vinasamband og ást (Gong & fl., 2020). Gæludýrahald hefur einnig mörg jákvæð áhrif í för með sér fyrir manneskjuna en m.a. hafa rannsóknir sýnt fram á það að gæludýr hafa jákvæð áhrif á geðheilsu fólks (Gan & fl., 2020). Talið er að það sé mikill ávinningur í því fyrir fólk að eiga gæludýr, þá sérstaklega hunda eða ketti. Að eiga gæludýr getur almennt minnkað stress og kvíða hjá fólki. Það sem gæludýrahald hefur líklega hvað mest áhrif á hjá manneskjuni er að gæludýr veita okkur félagsskap og því eru þekkt dæmi um það að gæludýr geti dregið

úr einmannaleika hjá fólki (Gan & fl., 2020). Tengslakenningin (e. attachment theory) á oft við þegar rætt er um gæludýr og eigendur þeirra. Kenningin gengur út á það að hvernig einstaklingar þróa ást frá öðrum og tengsl við aðra megi rekja til fyrstu tengslin okkar við helstu umönnunaraðila í frumbersku og að það móti svo hvernig við tengjumst öðrum í lífi okkar. Rannsóknir hafa sýnt fram á það að tengja megi ekki einungis tengsl fólks við annað fólk við þessa kenningu heldur einnig sambönd á milli fólks og gæludýra þeirra (Coy & fl., 2021).

Með því að skoða mikilvægi og umfang gæludýrahalds fyrir manninn komum við m.a. inn á mismunandi matarvenjur fólks, þ.e.a.s. að sumir borða t.d. hunda, aðrir ekki. Sumir borða svín og aðrir ekki. Þrátt fyrir það að margir þverneiti að leggja sér gæludýr til munns er þeim einnig erfitt að borða önnur dýr vegna þess að mörgum finnst innst inni að það sé rangt. Þetta hefur verið kallað kjötpversögn (e. meat paradox), það er þegar einstaklingar upplifa ákveðin innri siðferðisleg átök vegna þess að þau bæði elska dýr og borða þau (Monteiro & fl., 2017).

Hundar og svín eru ekki svo ólík dýr þrátt fyrir að komið sé fram við þau á ólíkan hátt. Bæði hundar og svín eru félagsdýr og mjög háð manneskjunni til að lifa af en staðreyndin er þó sú að hundar eru taldir vera besti vinur mannsins og svín oftast en ekki talin vera matur (Clement, 2011; MacKinnon, 2014). Spencer & fl. (2006) leggja áherslu á það í grein sinni að ef við erum þeirrar skoðunar að það eigi að koma vel fram við gæludýr þá ætti okkur að líða eins þegar kemur að öðrum dýrum, þá sérstaklega þegar kemur að húsdýrum og dýrum sem alin eru til manneldis. Einnig að ef við teljum að ekki megi gera rannsóknir á fólki þá ætti það sama að gilda um dýr. Með þessum orðum er mikilvægt að staldra við og skoða hugtakið tegundahyggja (e. specieism) sem heimspekingurinn Peter Singer setti fram (Singer, 1975). Hugtakið lýsir því hvernig við lítum á sum dýr sem æðri og að þau verðskuldi líf frekar en önnur dýr. Með öðrum orðum þá sjá margir hunda sem mikilvægari dýr heldur en svín, þrátt fyrir að dýrin ættu í raun bæði að eiga rétt á því að lifa góðu lífi, rétt eins og allar aðra lífverur á þessari jörðu ættu að gera. Einnig sjá margir okkur mennina sem æðri öðrum tegundum, en það gleymist oft í umræðunni að við mannfólkið erum einnig dýr. Svo ef það er siðferðislega rangt að valda manneskjum þjáningu er rökréttast að það sama eigi að gilda um önnur dýr. Í þessari umræðu er vert að nefna vinsældir þess að veiða dýr eins og hreindýr og fugla sér til skemmtunar en það

m.a. viðheldur þessari tegundahyggju almennings. Svo er það líka þannig að margir einstaklingar þæla ekki í því hvað það er sem þeir leggja sér til munns, að mestu leyti vegna þess að þetta er bara það sem þeir einstaklingar hafa alltaf borðað og svo er ekkert hugsað um það meira. Í sögu okkar hefur mannfólkið alltaf valdið öðrum þjáningu, t.a.m. gagnvart svörtum, í formi þrælahalds, og frumbyggjum, þegar t.d. Evrópumenn lögðu undir sig heilu heimsálfurnar á nýlendutímanum og drápu íbúa þar í stórum stíl. Svo lengi sem þjáning almennings gagnvart öðru fólki viðhelst er erfitt að sjá fyrir enda tegundarhyggjunnar. Það má nefnilega ekki gleyma hvað rasismi og sexismi er enn ráðandi í samfélaginu okkar og á meðan það er ennþá svo sterkt er erfitt að sjá fyrir sér að tegundahyggja verði ekki líka ennþá vandamál í framtíðinni (Gullone, 2017; Lomasky, 2013).

3.1 Velferð dýra

Á vefsíðu Alþingis er að finna lög um velferð dýra en þar kemur fram að dýr eru skyni gæddar verur og því mikilvægt að passa upp á velferð þeirra. Lögin taka m.a. utan um aðbúnað húsdýra, meðhöndlun þeirra og hvernig aflífun á þeim eigi að vera framkvæmd (Lög um velferð dýra nr. 55/2013). Mikilvægt er að þessum lögum sé fylgt en t.a.m. stendur á síðunni Grænkeri.is að húsdýr á Íslandi sem lifa í verksmiðjubúum búi ekki við góðar aðstæður. Þau sjá ekki sólarljós né fara út úr búunum sínum (Grænkeri, e.d.). Birt var frétt á Rúv árið 2015 þar sem fram kom að legusár hafi fundist á gyltum á öllum þeim búum sem Matvælastofnun heimsótti (Tryggvi Aðalbjörnsson, 2015). Lög um dýravelferð í Kaliforníu eru talin vera þau framsæknustu í heimi en lögin segja að öll húsdýr eigi að hafa nægt pláss til þess að teygja úr sér og snúa sér við (Oddur Ævar Gunnarsson, 2018). Það er þó hálf ótrúlegt að hugsa til þess að lög allstaðar um velferð húsdýra sé ekki á þennan veg og ótrúlegt að það þurfi yfirhöfuð lög til þess að húsdýr geti lifað þægilegu og ásættanlegu lífi fyrir slátrun. Lög sem gilda um gæludýr eru þó allt önnur en inná reglugerð, heimasíða umhverfisráðuneytisins er að finna lög um gæludýr (Reglugerð um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni nr. 1077/2004). Fram kemur að hundar, kettir, nagdýr og kanínur séu talin til gæludýra en farið verður nánar út í meðferð og neyslu á kjöti þeirra dýra víða um heim síðar. Í lögnum kemur fram að aflífun á þessum gæludýrum sé óheimild nema af dýralæknum ef dýrin eru veik og því ekki með

neinu móti heimilt að ala þessi dýr upp til slátrunar (Reglugerð um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni nr. 1077/2004).

Lög um dýr í öðrum löndum en á Íslandi eru að mörgu leyti svipuð en þó er það svo að í mörgum löndum, m.a. sums staðar í Asíu, er að heimilt er að slátra dýrum sem við þekkjum sem gæludýr, til matar. Frétt frá árinu 2020 bendir til þess að tímarnir séu mögulega eitthvað að breytast en Shenzhen í Kína varð fyrsta borgin í Kína til þess að banna hunda- og kattaát og sölu á kjöti þessara dýra (BBC, 2020). Árið 2017 tóku stjórnvöld í Taívan þá ákvörðun að banna alfarið neyslu á hunda- og kattakjöti þrátt fyrir að það hafi verið vinsælt hjá mörgum en jafnframt var Taívan fyrsta landið í Asíu til þess að leggja fram þessi lög (BBC, 2017). Ári seinna, þ.e.a.s. árið 2018, komu dýraverndunarsinnar því í gegn að það yrði ólöglegt í Suður-Kóreu að drepa hunda til manneldis. Þrátt fyrir það er ekki bannað að borða hundakjöt og því einhverjir sem gera það enn þar. Mótmælendur gegn þessum nýju lögum í Suður-Kóreu vildu fá það í gegn að hundar yrðu líka settir í sláturhús eins og húsdýr. Rök þeirra voru einfaldlega þessi: af hverju er í lagi að slátra svínunum og kúm en ekki hundum til manneldis? (Róbert Jóhannson, 2018). Í gegnum tíðina hafa margir einstaklingar barist fyrir réttindum hunda og katta og reynt marg oft að koma því í gegn að banna neyslu á þeim. *Humane Society International* er dæmi um samtök sem hafa þessi markmið en þau eru staðsett í Kína. Síðan 2015 hafa samtökin bjargað u.þ.b. 5 þúsund hundum og köttum sem átti að slátra til manneldis (Humane Society International, e.d.). *Four Paws* eru önnur samtök sem berjast líka gegn óréttlæti gagnvart hundum og köttum í Asíu en samtökin hafa starfað frá því árið 1988 (Four Paws, e.d.).

Samtök sem berjast fyrir réttindum dýra eru afar vinsæl um allan heim en það er þó þekktara að barist sé fyrir réttindum dýra sem við þekkjum sem gæludýr heldur en húsdýra. Nokkur mótmæli hafa átt sér stað hér á landi af hálfu einstaklinga sem borða grænkeru- eða grænmetisætuæði, m.a. meðlima samtakanna *Aktívegan* sem mótmæltu fyrir utan sláturhús Sláturfélags Suðurlands árið 2016 en mjög margir litu þau mótmæli hornauga (Ritstjórn, 2016). Það er samt staðreynd að almenningur almennt vill að komið sé vel fram við öll dýr. Rannsókn var gerð í Ástralíu þar sem neytendur svöruðu spurningalista varðandi dýravelferð og þar sem niðurstöðurnar sýndu fram á að almenningur hafi áhyggjur af velferð húsdýra en um 92% þátttakenda höfðu áhyggjur af

Því hvort það væri ekki komið vel fram við kjötið sem þau kaupa (Cornish & fl., 2020). Aðrar rannsóknir hafa þó sýnt að minna en 5% fólks í Englandi telja sig vera grænmetisætur (e. vegetarian) og aðeins um 0,3% grænkerar (e. vegan) (Sanchez-Sabate & Sabaté, 2019). Það er áhugavert að velta því fyrir sér hvers vegna það er barist svo hart fyrir réttindum katta og hunda, þ.e.a.s. reynt að koma í veg fyrir að dýrin séu drepin til manneldis, en á sama tíma, í mörgum tilfellum, borða þeir einstaklingar sjálfir húsdýr. Út frá okkar sjónarmiðum og menningu finnum við ekki eins mikla samúð með húsdýrum og með dýrum sem við þekkjum sem gæludýr. Farið verður því nánar í að skoða neyslu á gæludýrum og húsdýrum hér að neðan.

3.2 Hundakjöt

Hundar hafa lengi vel verið þekktir sem bestu vinir mannsins og eru taldir hafa verið partur af lífi okkar í langan tíma, eins og áður segir, og því kemur mörgum á óvart að til eru einstaklingar sem leggja sér þá til munns. Eins og kom fram hér að ofan er hundurinn fyrsta dýrið sem tamið var af manningum en ekki er vitað hvers vegna svo var. Það er þó staðreynd að maðurinn hefur alla tíð borðað hundakjöt á ákveðnum menningarsvæðum og þess vegna má ekki horfa framhjá því að það sé möguleiki að hundurinn hafi verið taminn til að byrja með svo hægt væri að borða hold hans (Podberscek, 2009; Grant & fl., 2017).

Það má rekja hundaát í gegnum tíðina til Norður- og Mið-Ameríku, Suðaustur-Asíu, eyja í Kyrrahafinu og sumra svæða í Afríku. Í dag er það þó aðeins í Kína, Tælandi, Filipseyjum, Suður-Kóreu og Kambódíu þar sem hundaát er stundað (Podberscek, 2009). Í grein eftir Kristin Hauk Guðnason (2017) í Kjarnanum kemur fram að um 15-25 milljónum hunda sé slátrað á hverju ári til manneldis í þessum löndum.

Hundaræktarfélag Íslands sendi frá sér tilkynningu árið 2015 þar sem félagar þess fordæmdu hátíð sem fer fram í Yulin í Kína en hátíðin snýr að því að borða hundakjöt til þess að fagna sumarsólstöðum (Birkir Blær Ingólfsson, 2015). Í tilkynningunni kemur þó fram að félagar Hundaræktarfélagsins skilji þann menningarlega mismun sem liggur að baki hundaáti en samt sem áður sé ekki hægt að líða þann hrottalega aðbúnað sem hundarnir búa við, en þeir séu m.a. barðir og soðnir lifandi (Birkir Blær Ingólfsson, 2015). Mörg þekkt dæmi eru þó um verulega slæman aðbúnað annarra tegunda dýra í eldi og sláturhúsum um allan heim. T.a.m. kemur fram í skýrslu frá eftirlitsstofnun EFTA sem

unninn var á seinni hluta ársins 2019 að mun betur megi gera þegar kemur að dýravelferð í sláturhúsum hér á landi (Mbl., 2020) og er ekki hægt að fordæma það líka? Við getum ekki fordæmt eitt og ekki annað, án þess að vera í mótsögn við okkur sjálf og þar sem allt er í raun gagnrýnivert.

Nir Avieli (2011) framkvæmdi etnógrafíska rannsókn árin 1998 til 2011 þar sem hann skoðaði neyslu á hundakjöti í Hoi An í Víetnam, en hann átti m.a. mikið af samtölum við íbúa Hoi An um það hvort þau borðuðu hunda eða ekki. Niðurstöðurnar voru afar mismunandi. Þeir sem sögðust ekki borða hundakjöt sögðu það vera vegna þess hve náíð samband þeir ættu við hunda og vegna þess að þeir elskuðu hunda og gætu því alls ekki hugsað sér að leggja sér þá til munns. Á hinn bóginn voru margir sem borðuðu hundakjöt en sögðu frá því í trúnaði og viðurkenndu það ekki á almannafæri vegna þess að almenningsálitið á því að borða hundakjöt var oftast neikvætt (Avieli, 2011).

3.3 Kattakjöt

Neyslu á kattakjöti er að finna að mestu leyti í Asíu, þ.e. í Víetnam, Kína, Tælandi, Suður-Kóreu, Kambódíu og Laos (Nguyen & fl., 2018) en einnig hefur neysla á kattakjöti átt sér stað í litlu magni í Sviss. Í frétt á Rúv frá 2014 kemur fram að dýraverndunarsamtök í Sviss hafi viljað láta alfarið stöðva neyslu á kattakjöti í landinu en hefð er fyrir því að Svisslendingar eldi sér ketti og í sumum tilfellum einnig hunda á jólunum (Rúv, 2014). Þekkt er þó að í löndum eins og Víetnam eru markaðir sem selja kattakjöt og meðferðin á dýrunum þar er í flestum tilfellum mjög slæm. Augljóst er að peningurinn fyrir dýrin er settur í fyrsta sæti en ekki líf dýranna sjálfra. Talið er að köttum sé stolið hvar sem er í Víetnam, bæði heimilislausum köttum og köttum sem eru gæludýr einhvers. Þeir séu svo færðir á kjötmarkaði án þess að fá einhvern mat eða vatn áður en þeir eru drepnir og seldir sem kattakjöt eða seldir lifandi svo einstaklingar geti drepíð þá sjálfir (Dalton, 2020). Í flestum tilfellum borðar fólk ketti á veitingastöðum en það er mjög vinsælt að veitingastaðir selji kattakjöt. Í desember 2020 tókst í fyrsta skipti að loka einum svoleiðis veitingastað en lokunin var gerð þökk sé samtökunum *Four Paws*. Veitingastaðurinn var staðsettur í Thai Binh í Víetnam en borgin er þekkt fyrir mikla neyslu á kattakjöti (Four Paws, 2020a). Samtökin hafa einnig komist að því að svartir kettir eru meira virði heldur en aðrir kettir og að margir borði svarta ketti af því þeir trúa því að það hafi lækningaáhrif (Four Paws, 2020b).

3.4 Aðrar dýrategundir

Kanínur eru orðnar verulega vinsælar sem gæludýr en t.a.m. eru um 3 milljónir að finna aðeins í Bandaríkjunum. Það er þó einnig í Bandaríkjunum, nánar tiltekið til Suður-Kaliforníu, sem rekja má uppruna kanínubúskapar til kjötframleiðslu og framleiðslu á angóraul sem hófst um 1920. Kanínubúskap er þó einnig að finna í Evrópu, m.a. í Frakklandi, Ítalíu og á Spáni (Grant & fl., 2017; Cullere & fl., 2018).

Í dag er kanínukjöt ekki eins og vinsælt og það var hér áður fyrr og er að mestu leyti borðað í löndum við Miðjarðarhaf, þ.e.a.s í Frakklandi, Ítalíu, Portúgal, Spáni, Egyptalandi og fleiri löndum (Cullere & fl., 2018). Það er þó athyglisvert hversu margar fræðigreinar eins og matvæla- og næringarfræði fjalla um það hversu hollt og gott kanínukjöt sé fyrir manninn. Í grein eftir Blaga & Burny (2014) kemur m.a. fram að kanínukjöt sé svo hollt vegna lágs kólesteróls, lítils saltinnihalds og lágrar fituþrósentu. Einnig kemur fram í grein eftir Petrescu & Petrescu-Mag (2018) að kanínur séu einn besti kosturinn til að rækta dýr til matar á sjálfbæran hátt en ein ástæða þess er hversu hratt kanínur vaxa og vegna þess hve litlar kanínur eru og er nýting landrýmis í ræktun þeirra mun skilvirkari en þegar um stærri dýr er að ræða.

Naggrísakjöt hefur verið algengur matur í gegnum tíðina í löndum sem liggja að Andesfjöllum, m.a. í Perú, Kólumbíu, Argentínu, Ekvador og Venesúela. Einnig hafa, í minna mæli þó, verið ræktaðir naggrísir til matar í nokkrum löndum í Asíu og Afríku (Sánchez-Macías & fl., 2018). Naggrísir eru þó ekki aðeins kenndir við mat heldur eru þessi dýr einnig notuð við ákveðnar dýrarannsóknir (sbr. enska heitið á tilraunadýrum; *guinea-pig*) og svo auðvitað sem gæludýr, en u.þ.b. 0,7 milljónir í Englandi og 1,36 milljónir í Bandaríkjunum eiga naggrísi sem gæludýr (Grant & fl., 2017). Talið er að naggrísir hafi verið tamdir fyrir u.þ.b. 3-6 þúsund árum síðan og jafnframt eru naggrísir fyrstu tömdu nagdýrin sem drepin voru til matar (Sánchez-Macías & fl., 2018).

Neysla á öðrum dýrategundum er einnig til staðar hjá mannfólki og í því sambandi er vert að nefna svokallaða votmarkaði (e. wet markets) en við skilgreiningu á þeim hefur oftast verið horft til Kína. Staðreyndin er þó sú að votmarkaðir eru skilgreindir sem markaðir þar sem seldar er ferskar vörur beint frá býli, t.d. grænmeti eða kjöt. Í sumum tilfellum eru einnig seld lifandi dýr til matar. Votmarkaði er því að finna víðsvegar um Asíu, ekki einungis í Kína (Westcott & Wang, 2020). Þó svo að þar sé að finna kjöt eins og svína- og kjúklingakjöt er einnig að finna villt dýr til sölu, eins og snáka, broddgelti, krókódíla og

leðurblökur (Maron, 2020; Patgiri, 2020). Fordómar gagnvart Asíubúum hafa verið miklir í gegnum tíðina vegna neyslu sumra á hundum og köttum, eins og fjallað var um hér að ofan, og af þessum sökum hefur verið haldið fram að matarmenning Kína sé „ómennsk“ og „óeðlileg“ (King, 2020). Það er farið að bera meira á fordómum almennings í kjölfar útbreiðslu covid-19 og beinast þeir nú í auknum mæli að votmörkuðum í Asíu, þá sérstaklega í Kína (King, 2020; Patgiri, 2020). Það mætti segja, eins og Patgiri (2020) nefnir í grein sinni, að almenningur reynir alltaf að finna einhvern til þess að skella skuldinni á, svokallaðan blóraböggul (e. scapegoat). Í þessu tilfalli hefur sökinni verið skellt á Kína og í leiðinni á marga aðra Asíubúa. Kínverjum er kennt um covid þrátt fyrir að bæði neysla á leðurblökum og beltisdýrum, sem hefur verið tengd við covid-19, sé að finna á öðrum stöðum, eins og í Indónesíu og á Indlandi og þrátt fyrir að aðrir smitandi sjúkdómar eins og fuglaflensa og svínaflensa hafi komið upp áður. Fordómar, rasismi og hatursglæpir í kjölfar þessa hafa sjaldan verið eins algengir og núna. Fram kemur í grein Liu (2020) að í Texas voru t.d. tvö börn, tveggja ára og sex ára, stungin af manni sem hélt að þau væru frá Kína og því að dreifa covid-19. Í New York réðust nokkrir unglingar á fimmtuga konu af asískum uppruna og sögðu fordómafulla hluti við hana og var þetta atvik rakið til covid-fordóma. Dæmin eru þó miklu, miklu fleiri en það má ekki gleyma því að þessir fordómar gagnvart Asíubúum og matarmenningu þeirra eru ekki nýir af nálinni og hafa lengi verið til staðar. Þeir hafa þó orðið miklu verri í kjölfar covid-19 (Liu, 2020). (Liu, 2020).

Í Afríku eru veiðar á villtum dýrum algengar en kjöt villtra dýra er þar þekkt undir heitinu „bushmeat“ (Jones, 2021). Þekkt er að kjöt undir þessu heiti er borðað bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Rétt eins og hefur gerst á votmörkuðum eru þekkt dæmi um það að sjúkdómar hafi sprottið frá kjöti villtra dýra í Afríku; sem dæmi má nefna ebólu, alnæmi og apasótt (e. monkeypox) (Jones, 2021). Þrátt fyrir að þessar upplýsingar séu aðgengilegar fyrir almenning í Evrópu og Bandaríkjunum tíðkast það enn hjá fólki þar sem hefur tök á því að borða annan mat að borða kjöt villtra dýra. Það sem meira máli skiptir er þó sú staðreynd að sjúkdóma má ekki einungis rekja til votmarkaða og villtra dýra. Dæmi eru um sjúkdóma sem rekja má til húsdýra og verksmiðjubúskapar, t.a.m. svínaflensan sem kom upp árið 2009 en hana má rekja til víruss sem dreifðist á milli svína sem alin voru í verksmiðjubúskap (Jones, 2021). Í næsta undirkafla munum við skoða nánar húsdýr sem meirihluti Evrópubúa og við Íslendingar þekkjum sem kjöt. Þar sem fyrir okkur eru í raun öll þau dýr sem flokkast sem húsdýr notuð til átu er neysla á öðrum dýrum

litin hornauga. Því eru fordómar í garð þjóða þar sem önnur dýr en húsdýr eru borðuð að aukast. Asía er sú heimsálfa sem hefur líklega komið hvað verst út úr því, þá sérstaklega löndin þar sem borðuð eru dýr sem við þekkjum sem gæludýr, eins og áður hefur verið fjallað um.

3.5 Húsdýr

Það sem Íslendingar helst þekka sem uppsprettu kjöts eru húsdýr, eða með öðrum orðum dýr sem einungis eru alin upp til þess að vera slátrað til manneldis. Það eru meira en 60 milljarðar húsdýra til á jörðinni sem ræktaðir eru eingöngu til manneldis og eina ástæðan fyrir þeim fjölda er það sem kallað hefur verið á íslensku þauleldi eða verksmiðjubúskapur (e. factory farming) (Adams, 2010). Í gegnum tíðina hefur helsta gagnrýnin á verksmiðjubúskap verið sá sársauki og þjáning sem við leggjum á húsdýr en verksmiðjubúskapur er í eðli sínu vistunaraðstaða þar sem húsdýr lifa við óeðlileg skilyrði og lifa mun styttra lífi en þau myndu gera undir venjulegum kringumstæðum (Henning, 2011; Engel, 2000). Clement (2011) segir ástæðuna fyrir mismunandi viðhorfum gagnvart húsdýrum og öðrum dýrum sem við köllum gæludýr vera þá að við – almenningur – höfum litla sem enga tengingu við húsdýr. En raunin er önnur þegar það kemur að gæludýrum. Þess vegna er miklu auðveldara fyrir einstaklinga að finna samúð og skuldbindingu með dýrum sem við þekkjum sem gæludýr þegar sársauka og þjáningu er velt yfir á þau, t.d. þegar þau eru haldin eingöngu til slátrunar og átu.

Á seinustu árum hefur þó ný gagnrýni komið fram, það er gagnrýni sem tengist áhrifum húsdýrahalds á umhverfið og þátt þess í loftslagsbreytingum, en ein af mikilvægum ástæðum loftslagsbreytinga er útblástur frá hinum gífurlega verksmiðjubúskap sem bara vex með aukinni velmegun og meira kjötáti í heiminum (Henning, 2011). Landbúnaður, sem er helsta undirstaða og umhverfi húsdýrahalds, spilar stórt hlutverk í loftslagsbreytingum. Það er m.a. vegna kolefnislosunar frá nautgripaeldi, flutninga á dýrunum og vegna ræktunar á fóðri fyrir dýrin, en um 33% af ræktunarlandi á jörðinni er einungis notað fyrir það (Adams, 2010; Gfeller, 2019). Í Svíþjóð voru árið 2010 tekin viðtöl við fólk í 12 sænskum stofnunum sem allar tengjast kjötiðnaðinum, m.a. bændasamtökum, samtökum lífrænna bænda, samtökum svínakjötsframleiðanda og hjá Sænsku umhverfisstofnuninni. Viðtalsspurningar beindust að skoðunum þessara hagsmunaaðila á áhrifum kjötiðnaðarins á loftslagsbreytingar. Niðurstöðurnar voru þær

að hagsmunir fyrirtækjanna eru miklir og peningar það sem er mikilvægara fyrir fyrirtækin heldur en umhverfismál. Hagsmunaaðilarnir reyndu því af bestu getu að verja sitt fyrirtæki. Þrátt fyrir að rökin sem þeir sem leiddu rannsóknina settu fram væru mikilvæg, þ.e.a.s. þau rök að fyrirtæki þessara hagsmunaaðila væru að spila stóran þátt í loftslagsbreytingum og að kjötneysla væri að hafa mikil áhrif á versnandi loftslagsbreytingar (Lerner & fl., 2013).

Kjötneysla hefur aldrei verið eins mikil og hún er í dag og neysla á holdi húsdýra er algengasta neysla kjöts á jörðinni en bara neysla á svínakjöti er um 36% af allri kjötneyslu (Zaraska, 2016). Að stöðva neyslu á kjöti húsdýra gæti hjálpað íbúum jarðar sem lifa við vannæringu, þ.e.a.s. kornmeti (e. grain) sem er gefið húsdýrum gæti nært alla þá íbúa heimsins sem lifa við vannæringu. Í Bandaríkjunum borða húsdýr yfir sjö sinnum meira af kornmeti en mennskir íbúar. Einnig er hægt að rekja u.þ.b. 70% af notkun á öllu fersku vatni á jörðinni til notkunar í landbúnaði og talið er að það taki hundrað sinnum meira vatn að framleiða eitt kíló af kjöti heldur en kornmeti (Henning, 2011). Svo eru það neikvæð áhrif af langvinnum sjúkdómum, offita og smitandi sjúkdómar eins og kúariða, fuglaflensa og svo svínaflensa sem jafnframt hefur verið kölluð verksmiðjubúskaparflensa (e. factory farming flu) (Buscemi, 2018). Í júní árið 2009 var svínaflensunni lýst yfir sem heimsfaraldri en slíkt hafði þá ekki gerst í 41 ár (Adams, 2010). Í dag höfum við svo covid-19 sem einnig hefur verið lýst yfir sem heimsfaraldri og má tengja við neyslu á dýrum, eins og áður hefur verið fjallað um. Neysla á rauðu og unnu kjöti er einnig talin ýta undir krabbamein í t.d. meltingarfærum og einnig hefur neysla á eggjum verið talin hafa slæm áhrif á heilsuna vegna hás hlutfalls kólesteróls, en sem er þó afar umdeilt (Adams, 2010; Buscemi, 2018; Gullone, 2017; Henning, 2011).

Búfjárhald, sem partur af landbúnaði, er ein helsta ástæða fyrir eyðingu regnskóga. Í Rómönsku Ameríku, í löndum eins og Mexíkó, Hondúras, Argentínu og víðar, er að finna eina mestu skógareyðingu á jörðinni en þar má rekja um 70% af skógareyðingu til notkunar á beitlandi fyrir húsdýr og ræktunar á kornmeti fyrir dýrin (Living Planet, e.d.). Það má líka rekja útrýmingu annarra og villtra dýrategunda til ræktunar á búfé, sem og ógn við líffræðilega fjölbreytni, en samkvæmt skýrslu sem Living Planet gaf út árið 2020 (Living Planet, e.d.) hefur ýmsum tegundum fugla, skriðdýra, froskdýra, fiska og spendýra að jafnaði hnignað um 68% frá árinu 1970 til 2020. Það er auðvitað erfitt fyrir fólk að beintengja kjötið á disknum sínum við þessa þætti, þó svo að raunveruleikinn sé þannig.

Jafnframt tala margir um það að við séum að ganga í gegnum sjöttu útrýminguna (e. the sixth great extinction) vegna þessara áhrifa sem verksmiðjubúskapur hefur á lífkerfið og ofan á það bætast áhrif hans á hlýnun jarðar, eins og fram hefur komið. Við erum að upplifa hlýnun jarðar sem er miklu hraðari heldur en rannsóknir á steingervingum sýna um hraða á hlýnun sem átti sér stað á fyrri hlýskeyðum, sem var þá af náttúrulegum orsökum (Gullone, 2017; Henning, 2011).

Eins og fram hefur komið þekkjum við Íslendingar ákveðnar venjur og gildi vegna þeirrar menningar sem við búum í. Það er því auðveldlega hægt að gefa sér það að margir einstaklingar eigi erfitt með það að hætta að borða kjöt vegna þess að í gegnum tíðina er það eitthvað sem þeir einstaklingar hafa alist upp við að borða. Það er nefnilega erfitt fyrir marga að breyta því sem þeir eru vanir. Það er þó, eins og gefið hefur verið til kynna hér að ofan, mikilvægt að fólk sem hefur tök á því reyni að minnka neyslu sína á húsdýrum og kjöti yfirleitt, ekki síst af umhverfislegum ástæðum. Í fátækum löndum er það oft ekki möguleiki þar sem framboð á öðrum mat en kjöti eða mjólkurvörum er takmarkað. Við sem búum í hinum ríka hluta heimsins höfum hinsvegar val um allskonar mat og getum léttilega nálgast vörur sem koma í staðinn fyrir kjöt og mjólkurvörur.

4 Siðferðislegar hliðar kjötáts

Í mannfræði hefur mikið verið fjallað um kjötát en sjónum hefur í flestum tilvikum ekki verið beint að dýrunum sjálfum heldur manneskjunn, kjötáti hennar og þeirri menningu og siðum sem því fylgir. Í bók sinni *Meat: A Natural Symbol* segir Nick Fiddes (1991) kjötát ekki vera neitt annað en tjáningu á því hvernig mannfólkið sér sig sem æðstu verur jarðar (Fiddes, 1991, bls. 65). Helen Kopnina (2017) fjallar um réttindi dýra út frá hugmyndum mannfræðinnar. Þar nefnir hún m.a. að mannfræðingar hafa lengi barist fyrir réttindum m.a. minnihlutahópa, íbúa nýlendna og brothættra samfélaga í skrifum sínum og rannsóknum en að mjög vanti upp á umfjöllun um kúgun mannsins á öðrum dýrategundum. Emma Czornobaj er kona sem var dæmd í fangelsi árið 2014 fyrir að hafa valdið því að fullorðinn maður og 16 ára dóttir hans létu lífið í bílslysi. Czornobaj hafði stoppað bílinn sinn á ólöglegan hátt á þjóðvegi í Kanada til þess að hjálpa andarungum að komast í burtu frá bílunum sem keyrðu á þjóðveginum á fullri ferð. Það sem gerðist næst

var að faðirinn, með dóttur sína í bílnum, tekur ekki eftir bíl Czornobaj áður en það var of seint og klessir því á með þeim afleiðingum að þau bæði láta lífið. Viðbrögðin við þessu máli voru afar mismunandi. Sumir vildu meina að þetta væru skilaboð til almennings að láta dýr eiga sig þótt þau séu í vandræðum, þar sem það getur haft svona hræðilegar afleiðingar eins og það gerði í þetta skipti. Aðrir voru þakklátir Czornobaj fyrir að hafa hjálpað andarungunum þar sem þeir ættu alveg eins mikinn rétt á því að lifa og við. Það sem þetta mál hafði því í för með sér voru ákveðnar rökræður um mikilvægi mannsins á móti mikilvægi dýra (Michalski, 2016).

Siðferði fjallar í grundvallaratriðum um siðferðisleg viðmið um það sem er rétt og rangt í ýmsum samfélögum (Hitlin & Vaisey, 2013). Að borða mat er eðli málsins samkvæmt siðferðislegt, þ.e.a.s. að þegar við veljum hvað við viljum borða erum við vissulega að taka þátt í ákveðinni siðferðislegri ákvarðanatöku og því óhætt að segja að þessar ákvarðanir okkar stuðli beint að umhverfislegum áhrifum samfélagsins. Matarval okkar hefur afleiðingar í för með sér sem haft geta áhrif á bæði heilsu okkar og umhverfið. Einnig endurspeglar matarval okkar gildi, menningu, trú og síðast en allra helst okkar siðferðisleg gildi gagnvart öðrum dýrategundum (Fanzo & fl., 2020). Fólk almennt gerir oft eitthvað sem myndi teljast siðferðislega rangt, t.d. að ljúga, keyra of hratt og tala illa um aðra. Þrátt fyrir þetta þá erum við ekki endilega vondar manneskjur. Það er bara ekki alltaf mögulegt eða nauðsynlegt að gera allt siðferðislega rétt. Enda áttum við okkur ekki alltaf á því þegar við gerum eitthvað sem myndi teljast siðferðislega rangt. Það er því t.a.m. erfitt fyrir marga einstaklinga að hætta að borða kjöt vegna þess að fyrir þeim er það ekki endilega siðferðislega rangt (Abbate, 2021). Einstaklingar vilja heldur ekki heyra það þegar eitthvað sem þeir gera er siðferðislega rangt, eins og það að borða góðan hamborgara hafi í raun og veru ákveðnar siðferðislegar afleiðingar í för með sér (Piazza, 2019).

Það er þekkt að dýr sem alin eru upp til slátrunar hafi sloppið frá sláturhúsum. Ein frásögn segir frá kú sem slapp frá sláturhúsi í Montana í Bandaríkjunum. Kýrin hoppaði yfir stórt hlið og hljóp í marga klukkutíma og slapp frá lögreglu, bílum og öðrum sem reyndu að ná henni (Arora, 2013). Önnur frásögn segir frá sex kúm sem sluppu allar á sama tíma, einnig í Bandaríkjunum, í ríkjum Omaha og Nebraska. Fimm þeirra voru fundnar strax en það var ein sem náði að halda frelsi sínu aðeins lengur, eða þangað til lögreglan skaut hana til bana. Fram kemur að þetta hafi vakið mikla reiði og hörð mótmæli

hjá almennum borgurum sem urðu vitni af þessu atviki, þrátt fyrir að kýrin hafi verið á leið til slátrunar. Það má segja sem svo að það sé ekki fyrr en almennir borgarar sjái það með berum augum hvernig dýr eru drepin til að einhver verði reiður, þar sem engin mótmæli voru gegn því að kýrnar voru yfirleitt á leið til slátrunar (Arora, 2013). Til er fræg setning sem lýsir að miklu leyti baráttu þeirra sem berjast fyrir réttindum dýra, en hún segir að ef sláturhús hefðu glerveggi þá myndum við öll hætta að borða kjöt (Alvaro, 2019). Að því sögðu þá eru einmitt margir sem velta því lítið fyrir sér hvað það er sem er á matardisknum þeirra. Tengingin milli kjöts og lifandi dýra er oftast en ekki alls ekki til staðar. Hlutgerving dýra er því mjög algeng, þ.e.a.s. kjöt er ekki séð sem hold af dýri, það er bara matur. Fréttamenn hjá Stundinni fjölluðu mikið um velferð dýra árið 2016 vegna mótmæla samtakanna *Aktívegan* fyrir utan sláturhús Sláturfélags Suðurlands, eins og áður hefur verið minnst á. Fréttamennirnir reyndu að fá leyfi fyrir því að fara inn í sláturhúsið og mynda það sem ætti sér þar stað eða að fá að skrifa um það. Forstjóri Sláturfélags Suðurlands, Steinþór Skúlason, vildi ekki gefa þeim heimild fyrir því vegna þess að eins og hann sjálfur sagði væri það „ekki mjög lystaukandi fyrir almenning“ (Bragi Páll Sigurðarson, 2016). Heimspekingurinn Lomasky bendir á þá staðreynd í grein sinni að fyrir hvern kjötbita sem er borðaður þurfti eitthvað dýr að vera drepið (Lomasky, 2013). Kjöt hefur einnig oft verið viðfangsefni sálfræðinnar og það að borða hold dýra hefur verið tengt við blóð, völd og dauða. Einnig segir í sálfræði að það tíðkist að kalla hold dýra öðru nafni en upprunalega nafn dýrsins til þess að koma í veg fyrir tenginguna milli kjötsins og dýrsins sem hefði neikvæðar afleiðingar fyrir samvisku okkar (Buscemi, 2018).

Siðferðisleg neysla (e. ethical consumption) er það kallað þegar neytendur staldra við og pæla í því sem þau eru að kaupa, þá sérstaklega hvort eða hvernig þessi og hin varan hefur áhrif á jörðina okkar. Dæmi um þetta væru einstaklingar sem kaupa lífrænar eða umhverfisvænar vörur (Beagan & fl., 2010). Í samhengi við siðferðislega hlið kjötáts myndu neytendur sem stunda siðferðislega neyslu gera sér grein fyrir siðferðislegum hliðum þess að kaupa kjöt. Það verður þó að taka mið af því að það er ekki hægt fyrir alla að vera svokallaðir siðferðislegir neytendur og þess vegna ómögulegt að láta alla íbúa jarðarinnar hætta að borða kjöt. Fólk sem býr við fátækt og í fátækum löndum hafa nefnilega ekki þann möguleika og oft á tíðum er kjöt það eina sem er í boði af gæðamat, hvort sem er um kjöt af húsdýrum eða villtum dýrum að ræða. Þar af leiðandi tíðkast það enn í sumum löndum að veiða sér dýr til matar en það er líka mjög mikilvæg menningarleg

iðja í sumum hópum, t.d. frumbyggja. Þeir sem þó hafa val um hvort þeir neyta kjöts eða ekki og geta stundað siðferðislega neyslu eru að mestu leyti íbúar þróaðra landa (Nordgren, 2012).

Samkvæmt Lund og fl. (2021) finnst mörgum íbúum í Evrópu dýravelferð ábótvant og margir sammála um það að það megi bæta dýraverndunarlög. Spurningalisti um dýravelferð var lagður fyrir fjölda manns í nokkrum Evrópuríkjum í júní árið 2019. Það voru um 1612 einstaklingar frá Danmörku, 1607 frá Þýskalandi og 1613 manns frá Svíþjóð (Lund & fl., 2021). Niðurstöðurnar voru afar svipaðar hjá öllum og ekki mikill munur á milli landa. Flestir höfðu miklar áhyggjur á dýravelferð og pældu í því hvernig kjöt þau væru að kaupa og reyndu flest að kaupa vistvænt og mannúðlegt kjöt, þ.e.a.s. dráp á mannúðlegan hátt vísar í það að dýrið hafi verið drepit á minnst sársaukafullan hátt og mögulegt er (Piazza, 2019). Mörgum þeirra fannst í lagi að borða kjöt þar sem þau gerðu sér grein fyrir mikilvægi dýravelferðar. Í ljós kom einnig að konur voru mun líklegri til þess að lýsa yfir áhyggjum á dýravelferð heldur en karlar og karlar hölluðust jafnframt meira að mannhverfum hugsunarhætti (Lund & fl., 2021). Samkvæmt þessu er því afar algengt að almenningur reyni að kaupa kjöt af dýrum sem eru talin hafa verið drepin á mannúðlegan hátt eða er með einhverskonar vottun á pakkningunni eða eru af dýrum úr svokallaðri lausagöngu (e. free range), þar sem dýrin fá að hreyfa sig eins og þau vilja og lifa í frjálsslegra umhverfi heldur en tíðkast (Williams, 2015). Piazza (2019) segir frá spurningarlista sem hann og aðrir fræðimenn lögðu fram um viðhorf fólks til kjötáts. Þau sem sagt báðu fólk frá Bandaríkjunum að segja sér hvers vegna það væri í lagi að borða kjöt. Svar flestra var á þann veg að það væri í lagi vegna þess að dýrin væru annað hvort drepin á mannúðlegan hátt eða komið væri vel fram við dýrin. Fleiri rannsóknir hafa einnig sýnt fram á það að margir einstaklingar velja frekar að kaupa kjöt af dýrum sem hafa verið drepin á mannúðlegan hátt (Piazza, 2019). Árið 2016 var héraðs sýnd heimildamynd um sannleikann á bakvið eggjaframleiðendurna Brúnegg. Fyrirtækið hafði lengi vel auglýst eggin sín sem vistvæna landbúnaðarafurð vegna þess að varphæurnar áttu að hafa verið í lausagöngu og lifað frjálssu lífi. Í ljós kom svo í þætti Kastljóss að Matvælastofnun hafi talið Brúnegg ekki uppfylla þau skilyrði sem þarf til þess að geta merkt vörur sínar sem vistvænar (Tryggvi Aðalbjörnsson & Þóra Arnórsdóttir, 2016). Þátturinn vakti, vægast sagt, mikla athygli og reiði. Það sem þetta segir okkur þó er að meira að segja á Íslandi er ekki víst að dýrin séu drepin á mannúðlegan hátt eða lifa við lausagöngu, þótt að það

standi á vörunni. Browning og Veit (2020) telja það ómögulegt að tala um mannúðlega slátrun, þ.e.a.s. það er ekki hægt að drepa neinn á mannúðlegan hátt vegna þess að slátrun er alltaf ómannúðleg. Þrátt fyrir að það sé komið vel fram við dýrið eða það drepið á þann hátt að það kveljist sem minnst, hlýtur dýrið alltaf skaða af. Þá er samt verið að taka líf dýrsins frá því og koma í veg fyrir að dýrin geti lifað því lífi sem þau ættu að fá að gera, enda er það í flestum tilvikum þannig að dýrin eru drepin langt fyrir aldur fram og Browning og Veit (2020) telja það ekki vera réttlætanlegt.

Til þess að koma í veg fyrir að valda húsdýrum óþarfa þjáningu hefur verið búið til svokallað gervikjöt sem framleitt er á tilraunastofu (e. in vitro meat). Það var í fyrsta sinn bragðað á hamborgara sem framleiddur var á tilraunastofu árið 2013 en vísindamaðurinn Mark Post, sem stendur á bakvið þessa merkilegu hamborgara, sagði hann hafa orðið til úr milljörðum af frumum sem upphaflega komu frá kú (Schaefer & Savulescu, 2014). Það hefur þó lengi verið til svokallaðir staðgenglar fyrir kjöt sem oftast koma úr plönturíkinu. Í gegnum tíðina hefur sojaprótein mikið verið notað til þess að búa til gervikjöt en einnig hafa sojabaunir mikið verið notaðar en m.a. tófu, seitan og tempeh sem koma frá sojabaunum hefur verið algengt sem staðgenglar fyrir kjöt (Ismail & fl., 2020). Fyrsta gervikjötið kom á markað um 1960 og t.a.m. kom Quorn, þekkt fyrirtæki í Englandi, með gervikjöt á markað árið 1985 (Ismail & fl., 2020). Það er samt áhugavert að velta fyrir sér hvernig framtíðin lítur út fyrir húsdýr ef frumur þeirra verða einungis notuð á tilraunastofu til fjölgunar og framleiðslu á gervikjöti og þau hljóta því engan skaða af. Kjöt væri þá í framtíðinni einungis framleitt á tilraunastofu en ekki í verksmiðjubúskap, sem eins og komið hefur hér fram, hefur slæm áhrif á jörðina og því slæm áhrif á okkar framtíð. Í grein The Guardian (2019) er umfjöllun um skýrslu, sem gerð var af fyrirtækinu Kearney global consultancy. Skýrslan samanstendur af viðtölum við sérfræðinga um kjöt og kjötneyslu. Í skýrslunni er að finna áhyggjur þessa fólks af áhrifum kjöts á umhverfið og heilsu almennings, en einnig áhyggjur almennings af dýravelferð. Því er talið, samkvæmt skýrslunni, að um árið 2040 verði u.þ.b. 60% af öllu kjöti framleitt annað hvort sem gervikjöti eða sem kjöt búið til á tilraunastofu (Carrington, 2019). Singapúr er fyrsta landið þar sem byrjað er að leyfa sölu á kjöti sem búið er til á tilraunastofum. Bandaríska fyrirtækið Eat Just fékk fyrst allra leyfi frá matvælastofnun Singapúr að selja kjúklinganagga sem koma frá frumum ræktuðum úr kjúklingum. Ekki er nákvæmlega vitað hvenær verður byrjað að selja kjötið en það er líklegt á árinu 2021. Fram kemur þó að

kjötið muni að öllum líkindum vera mjög dýrt til að byrja með, eða þar til salan á því er orðin algengari og einnig leyfileg í öðrum löndum (Singh, 2020).

Þegar við höfum skoðað öll þessi rök gegn því að borða dýr, þ.e.a.s. umhverfislegu hliðina, heilsufarslegu hliðina og siðferðislegu hliðina, er þá ekki hægt að sjá fyrir sér að gervikjöt og grænmetisætu- eða vegan lífstíll sé okkar besti kostur fyrir framtíðina? Staðreyndin er samt sú að framboð á kjöti hefur aukist verulega á seinustu árum, sem m.a. má rekja til meiri velmegunar og gífurlegan vöxt kjötiðnaðarins. Á sama tíma hefur þó einnig framboð á gervikjöti aukist (Piazza, 2019) en á meðan „alvöru“ kjöt heldur áfram að vera svona vinsælt á matardiskum almennings er erfitt að sjá fyrir sér breytingar. Samkvæmt þeim rökum sem hér hafa komið fram eru þær þó lífsnauðsynlegar því jörðin einfaldlega ber ekki alla þá kjötframleiðslu sem stunduð er nema þá með hrikalegum afleiðingum fyrir vistkerfið og þar með okkur.

Lokaorð

Mannfræðin er mjög mikilvæg fræðigrein af því hún færir okkur góðan skilning á manneskjunni og þeim menningarsvæðum sem til eru og hafa verið til. Mannfræðin hefur, ásamt fjölmörgu öðru, skoðað mikilvægi matar fyrir manninn og hvað matur getur sagt um ákveðna menningarheima. Það hefur þó, eins og hér hefur komið fram, ekki mikið verið fjallað um stöðu dýra á jörðinni í mannfræðinni en það er óðum að breytast. Samskipti á milli manna og dýra og mikilvægi gæludýra hafa þó verið algeng umræðuefni fræðimanna, þá sérstaklega í mannfræði, en nákvæmar rannsóknir á umfangi og eðli verksmiðjubúskapar og aðbúnaði dýra sem alin eru upp til eldis hefur skort. Mikilvægi dýra fyrir jörðina og lífríki hennar er óumdeilt, enda væri erfitt fyrir manninn að lifa af án allra þeirra mikilvægu dýrategunda sem deila henni með okkur, auk þess sem lífið væri mun grárar og leiðinlegra án þeirra. Hér hefur verið farið yfir margar hliðar þess að borða ekki kjöt dýra, þ.e. menningarlega hlið þess, en einnig umhverfislegu og heilsulegu hliðina og svo seinast en ekki síst siðferðislegu hliðina. Með þessari ritgerð er vonast til þess að skoðanir fólks gagnvart dýraáti breytist eða að það velti því a.m.k. fyrir sér hvaða afleiðingar það hefur að borða kjöt. Vonandi sér fólk óréttlætið sem það felur í sér, bæði gagnvart dýrunum og gagnvart okkur sjálfum, að borða hold þeirra. Sú kaldhæðni sem er fólgin í því að dæma annað fólk fyrir að borða ákveðin dýr þegar við sjálf erum jafn sek sést t.d. í því að fara í húsdýragarðinn og grilla sér hamborgara eða pylsur úr svína- og lambakjöti meðan fólk dáist að grísum, selum og hænum með börnunum sínum.

Það liggur enginn vafi á því að meðferð á dýrum sem við lítum á sem gæludýr en eru annars staðar haldin til eldis er mjög slæm í flestum tilfellum og erfitt er að sætta sig við að það sé raunveruleiki margra þessara dýra. Á sama tíma er það þó staðreynd að þau dýr sem við þekkjum sem mat hafa það einnig slæmt í okkar verksmiðjubúskap. Í stað þess að dæma önnur menningarsvæði sem hafa aðra sýn á mat og dýr heldur en við ættum við að sýna því skilning og líta í eigin barm. Að skilja menningarlegan mismun er mjög mikilvægt í þessu samhengi og eins og hefur verið rætt hér að ofan eru mörg hugtök sem ná yfir og hjálpa okkur við að skilja það misrétti sem manneskjan beitir dýrin.

Mín afstaða er að sjálfsögðu byggð á þessum rökum sem hér hefur verið farið yfir en hún er sú að við ættum öll, sem höfum þann möguleika, að hætta að borða kjöt. Það er ómögulegt að segja öllum að hætta að neyta dýraafurða þar sem margir íbúar heimsins

lífa við mikla fátækt og eru háð neyslu á dýraafurðum til að draga fram lífið. En við, sem þessa ritgerð lesum, höfum það val að geta sleppt því að neyta dýraafurða. Þetta snýst í grófum dráttum einungis um skilning á þeim rökum sem hafa hér verið sett fram. Þau ættu í grundvallaratriðum, vonandi, að vera nóg til þess að fólk taki þá afstöðu að hætta að neyta kjöts og helst dýraafurða yfirleitt.

Heimildaskrá

- Abbate, C.E. (2021). The epistemology of meat-eating. *Social Epistemology*, 35(1), 67-84.
- Abu-Lughod, Lila. (1991). Writing Against Culture. Í Fox, R.G. (ritstj.), *Recapturing Anthropology: Working in the Present* (137-54,161-2). School of American Research.
- Adams, C.J. (2010). Why feminist-vegan now? *Feminism & Psychology*, 20(3), 302-317.
- Alvaro, C. (2019). Is Animal Suffering Really All That Matters? The Move from Suffering to Vegetarianism. *Journal of Agricultural and Environmental Ethics*, 32(1), 633-645
- Archer, J. Why Do People Love Their Pets? *Evolution and Human Behavior*, 18(1), 237-259.
- Arora, N. (2013). On Eating Animals. *The Humanist*, 73(4), 26-31.
- Aveli, N. (2011). Dog Meat Politics In A Vietnamese Town. *Ethnology*, 50(1), 59-78
- BBC. (2020, 2. apríl). Shenzhen becomes first Chinese city to ban eating cats and dogs. *BBC*. <https://www.bbc.com/news/world-asia-china-52131940>
- BBC. (2017, 11. apríl). Taiwan bans slaughter of cats and dogs for human consumption. *BBC*. Sótt af <https://www.bbc.com/news/world-asia-39573426>
- Beagan, B.L., Ristovski-Slijepcevic, S. & Chapman, G.E. (2010). 'People are just becoming more conscious of how everything's connected': 'Ethical' food consumption in two regions of Canada. *Sociology*, 44(4), 751-769.
- Birkir Blær Ingólfsson. (2015, 20. Júní). Hundavinir segja hundaát tímaskekkju. *Rúv*. Sótt af <https://www.rfuv.is/frett/hundavinir-segja-hundaat-timaskekkju>
- Bлага, B.C. & Burny, P. (2014). Rabbit production and rabbit market in Romania: The most frequent breeds, half-breeds and their characterization. *International Journal of the Bioflux Society*, 4(1), 1-6.
- Bragi Páll Sigurðarson (2016, 1. Nóvember). SS vill ekki myndatökur af framleiðslunni: „Ekki mjög lystaukandi fyrir almenning“. *Stundin*. Sótt af https://stundin.is/frett/forstjori-ss-segir-myndir-af-slatrun-ekki-mjog-lys/#_=_
- Browning, H. & Veit, W. (2020). Is humane slaughter possible? *Animals*, 10(799), 1-11.
- Buscemi, F. (2018). From body fuel to universal poison: cultural history of meat: 1900-the present. *Humanities – Arts and Humanities in progress*, 5(1), 1-154.
- Caduff, C. (2011). Anthropology's ethics: Moral positionalism, cultural relativism and critical analysis. *Anthropological Theory*, 11(4), 465-480.
- Carrington, D. (2019, 12. júní). Most 'meat' in 2040 will not come from dead animals, says report. *The Guardian*. Sótt af <https://www.theguardian.com/environment/2019/jun/12/most-meat-in-2040-will-not-come-from-slaughtered-animals-report>
- Chase, A. (2002). Strange Food. *Gastronomica*, 2(2), 94-96.

- Clement, G. (2011). "Pets or Meat?" Ethics and Domestic Animals. *Journal of Animal Ethics*, 1(1), 46-57
- Cook, G. (2015). 'A pig is a person' or 'You can love a fox and hunt it': Innovation and tradition in the discursive representation of animals. *Discourse & Society*, 26(5), 587-607.
- Cornish, A.R., Briley, D., Wilson, B.J., Raubenheimer, D., Schlosberg, D. & McGreevy, P.D. (2020). The price of good welfare: Does informing consumers about what on-package labels mean for animal welfare influence their purchase intentions? *Appetite*, 148(1), 1-14.
- Coy, A.E., Green, J.D. & Behler, A.M.C. (2021). Why can't I resist those "puppy dog" (or "kitty cat") eyes? A study of owner attachment and factors associated with pet obesity. *Animals*, 11(1), 1-12.
- Cullere, M. & Zotte, A.D. (2018). Rabbit meat production and consumption: State of knowledge and future perspectives. *Meat Science*, 143(1), 137-146
- Dalton, J. (2020, 12. Ágúst). Vietnam cat meat trade revealed: Pets stolen, drowned, bludgeoned and boiled as appetite grows for animal flesh. *Independent.co.uk*. <https://www.independent.co.uk/news/world/asia/cat-meat-vietnam-trade-stolen-drown-boil-four-paws-animal-cruelty-a9665836.html>
- Das, M. (2018). Impact of Acculturation and Ethnocentrism on Food Consumption: Evidence from Rural India. *PRiMa: Practices and Research in Marketing*, 9(1), 28-38.
- Dugnoille, J. (2019). 'I heard a dog cry': More-than-human interrelatedness, ethnicity and zotherapy in South Korean civil society discourse about dog meat consumption. *Ethnography*, 20(1), 68-87.
- Engel, M. (2000). The immorality of eating meat. Í Pojman, L.P. (ritstjóri), *The Moral Life: An introductory reader in ethics and literature* (bls. 856-890). New York: Oxford University Press.
- Eriksen, T.H. (2010). *Small Places, Large Issues*. London: Pluto Press.
- Fanzo, J., Hood, A. & Davis, C. (2020). Eating our way through the Anthropocene. *Physiology & behavior*, 222(1), 1-4.
- Fiddes, N. 1991. *Meat: A Natural Symbol*. London: Routledge.
- Four Paws. (2020, 16. desember). For the first time Four Paws closes a cat meat restaurant and slaughterhouse in Vietnam. Four-paws.org. Sótt af <https://dogcatmeat.four-paws.org/all-news/for-the-first-time-four-paws-closes-a-cat-meat-restaurant-and-slaughterhouse-in-vietnam>
- Four Paws. (2020, 16. október). About Four Paws. Four-paws.org. <https://dogcatmeat.four-paws.org/about-us/four-paws-about-us>
- Four Paws. (2020, 12. ágúst). Special dish 'Little Tiger': The rampant cat meat trade in Vietnam. Four-paws.org. Sótt af <https://www.four-paws.org.au/our-stories/press-releases/2020/special-dish-little-tiger-the-rampant-cat-meat-trade-in-vietnam>
- Gan, G.Z.H., Hill, A-M., Yeung, P., Keesing, S. & Netto, J.A. (2020). Pet ownership and its influence on mental health in older adults. *Aging & mental health*, 24(10), 1605-1612

- Gfeller, F. (2019). "It's still an animal that died for me." Responsibility and meat consumption. *Europe's journal of psychology*, 15(4), 733-753.
- Gong, X., Qi, H., Xie, J. & Qi, N. (2020). From livestock to families: taking pets to tourism activities in China. *Journal of tourism and cultural change*, 18(6), 728-742.
- Goszczynski, W. & Wojtewicz, A. (2018). Body on the plate. On the relation between the carnality and food (on the example of meat in advertising). *Qualitative Sociology review*, 14(2), 130-151.
- Grant, R.A., Montrose, V.T. & Wills, A.P. ExNOTic: Should We Be Keeping Exotic Pets? *Animals*, 7(6), 1-11.
- Grænkeri. (e.d.). Dýravernd. <https://www.graenkeri.is/dyravernd>
- Gullone, E. (2017). Why eating animals is not good for us. *Journal of animal ethics*, 7(1), 31-62.
- Hanrahan, S. (2010). Dealing with different cultures. *Journal of Science and Medicine in Sport*, 12(1), 1
- Heinz, B. & Lee, R. (1998). Getting down to the meat: The symbolic construction of meat consumption. *Communication Studies*, 49(1), 86-99.
- Henning, B.G. (2011). Standing in livestock's 'long shadow': The ethics of eating meat on a small planet. *Ethics & the environment*, 16(2), 63-94.
- Humane Society International. (e.d.). Saving animals from China's dog and cat meat trade. <https://www.hsi.org/news-media/saving-dogs-from-chinas-dog-meat-trade/>
- Ismail, I., Hwang, Y-H. & Joo, S-T. (2020). Meat analog as future food: a review. *Journal of animal science and technology*, 62(2), 111-120
- Johnson, K.A., White, A.E., Boyd, B.M. & Cohen, A.B. (2011). Matzah, Meat, Milk and Mana: Psychological influences on Religiocultural Food Practices. *Journal of Cross-Cultural Psychology*, 42(8), 1421-1436.
- Jones, B. (2021). Eating meat and not vaccinating: In defence of the analogy. *Bioethics*, 35(1), 135-142.
- King, M.T. (2020). Say no to bat fried rice: changing the narrative of coronavirus and Chinese food. *Food and Foodways*, 28(3), 237-249
- Kopnina, H. (2017). Beyond multispecies ethnography: Engaging with violence and animal rights in anthropology. *Critique of Anthropology*, 37(3), 333-357.
- Kristinn Haukur Guðnason. (2017, 5. Mars). Er síðasta vígi hundaáts að falla? *Stundin.is*. <https://kjarninn.is/skyring/2017-03-03-er-sidasta-vigi-hundaats-ad-falla/>
- Kwon, D.Y. & Tamang, J.P. (2015). Religious ethnic foods. *Journal of Ethnic Foods*, 2(1), 45-46
- Lerner, H., Algers, B., Gunnarsson, S. & Nordgren, A. (2013). Stakeholders on meat production, meat consumption and mitigation of climate change: Sweden as a case. *Journal of Environmental Ethics*, 26(1), 663-678.

- Liu, E. (2020, 11. apríl). Covid-19 has inflamed racism against Asian-Americans. Here's how to fight back. CNN. <https://edition.cnn.com/2020/04/10/opinions/how-to-fight-bias-against-asian-americans-covid-19-liu/index.html>
- Living Planet. (e.d.). Living Planet Report 2020. [livingplanet.panda.org](https://livingplanet.panda.org/en-us/). Sótt af <https://livingplanet.panda.org/en-us/>
- Lomasky, L. (2013). *Is It Wrong To Eat Animals?* Social Philosophy & Policy Foundation: USA.
- Lund, T.B., Denver, S., Nordström, J., Christensen, T. & Sandoe, P. (2021). Moral convictions and meat consumption – A comparative study of the animal ethics orientations of consumers of pork in Denmark, Germany and Sweden. *Animals*, 11(329), 1-19.
- Lög um velferð dýra nr. 55/2013
- MacKinnon, M. (2014). Pets. Í Campbell, G.L. (ritstj.), *The Oxford Handbook of Animals in Classical Thought and Life*. Oxford University Press.
- Maron, D. F. (2020, 15. apríl). 'Wet markets' likely launched the coronavirus. Here's what you need to know. National Geographic. <https://www.nationalgeographic.com/animals/article/coronavirus-linked-to-chinese-wet-markets>
- Mbl. (2020, 3. Febrúar). Bæta þarf eftirlit í sláturhúsum. *Mbl.is*. Sótt af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/02/03/baeta_tharf_eftirlit_i_slaturhusum/
- McNeill, W. (1997). What We Mean by The West. *Orbis*, 41(4), 513-524.
- Mead, M. (1963). Papers in Honor of Melville J. Herskovits: Socialization and Enculturation. *Current Anthropology*, 4(2), 184-188.
- Michalski, J.H. (2016). Overcoming sociological naivete in the animal rights movement. *Theory in action*, 9(1), 52-82.
- Mintz, S.W. & Du Bois, C.M. (2002). The Anthropology of food and eating. *Annual Review of Anthropology*, 31(1), 99-119.
- Monteiro, C.A., Pfeiler, T.M., Patterson, M.D. & Milburn, M.A. (2017). The Carnism Inventory: Measuring the ideology of eating animals. *Appetite*, 113(1), 51-62.
- Nguyen, H.M., Tatonova, Y.V. & Madsen, H. (2018). Infections by Hepatic Trematodes in Cats from Slaughterhouses in Vietnam. *The journal of Parasitology*, 104(3), 306-309.
- Nordgren, A. (2012). Ethical issues in mitigation of climate change: The option of reduced meat production and consumption. *Journal of agricultural and environmental ethics*, 25(1), 563-684.
- Noske, B. (1993). The Animal Question in Anthropology: A Commentary. *Society and Animals*, 1(2), 185-190.
- Noske, B. (1997). Speciesism, Anthropocentrism, and Non-Western Cultures. *Anthrozoös*, 10(4), 183-190.
- Oddur Ævar Gunnarsson. (2018, 8. nóvember). Framsæknustu lög í heimi um velferð húsdýra. *Fréttablaðið*. Sótt af <https://www.frettabladid.is/frettir/samykktu-framsaeknustu-loeg-i-heimi-um-velfer-husdra/>

- Patgiri, R. (2020). Bat meat and Chinese identity. *Contexts*, 19(4), 65-67
- Piazza, J. (2019). Why people love animals yet continue to eat them. Í K. Dhont & G. Hodson (ritstjórar), *Why we love and exploit animals* (bls. 121-136). London: Routledge.
- Podberscek, A.L. (2009). *Good to Pet and Eat: The Keeping and Consuming of Dogs and Cats in South Korea*, 65(3), 615-632.
- Reglugerð um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni nr. 1077/2004
- Ritstjórn. (2016, 8. Nóvember). Mótmeiltu slátrun á lömbum á Selfossi: „Mynduð þið drepa börnin ykkar?“. *Stundin*. Sótt af <https://stundin.is/frett/motmaeltu-slatrun-lombum-selfossi-myndud-thid-drep/>
- Róbert Jóhannson. (2018). Bannað að drepa hunda til manneldis. *Rúv*. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/bannad-ad-drepa-hunda-til-manneldis>
- Rúv. (2014, 26. Nóvember). Hvítvínssodnir kettlingar í jólamatinn. *Ruv.is*. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/hvitvinnssodnir-kettlingar-i-jolamatinn>
- Sanchez-Sabate, R. & Sabaté, J. (2019). Consumer attitudes towards environmental concerns of meat consumption: A systematic review. *Environmental Research and Public Health*, 16(1220), 1-37.
- Sax, W.S. (1998). The Hall of Mirrors: Orientalism, Anthropology and the Other. *American Anthropologist*, 100(2), 292-301.
- Sánchez-Macías, D., Barba-Maggi, L., Morales-delaNuez, A. & Palmay-Paredes, J. *Guinea pig for meat production: A systematic review of factors affecting the production, carcass and meat quality*, 143(1), 165-176.
- Schaefer, G.O. & Savulescu, J. (2014). The ethics of producing in vitro meat. *Journal of applied philosophy*, 31(2), 188-202.
- Singer, P. (1975). *Animal liberation: A new ethics for our treatment of animals*. New York: HarperCollins
- Singh, N. (2020, 2. desember). Lab-grown meat to go on sale for first time. *Independent*. Sótt af <https://www.independent.co.uk/news/world/asia/lab-grown-meat-singapore-regulatory-approval-b1764944.html>
- Spencer, S., Decuyper, E., Aerts, S. & De Tavernier, J. (2006). History and Ethics of Keeping Pets: Comparison with Farm Animals. *Journal of agricultural and Environmental Ethics*, 19(1), 17-25.
- Stanford, C., Allen, J.S., Anton, S.C. (2013). *Biological Anthropology: The Natural History of Humankind*, (3. útgáfa). Boston: Pearson, (Upphaflega gefið út árið 2006).
- Timm, S.C. (2016). Moral Intuition or Moral Disengagement? Cognitive Science Weighs in on the Animal Ethics Debate. *Neuroethics*, 9(1), 225-234.
- Tryggvi Aðalbjörnsson. (2015, 24. september). Allt að önnur hver gylta með legusár. *Rúv*. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/allt-ad-onnur-hver-gylta-med-legusar>
- Tryggvi Aðalbjörnsson & Þóra Arnórsdóttir. (2016, 28. nóvember). Kastljós í kvöld: Neytendur blekkir um árabíl. *Rúv*. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/kastljosis-kvold-neytendur-blekkir-um-arabil>

- Wang, F. & Basso, F. (2019). „Animals are friends, not food“: Anthropomorphism leads to less favorable attitudes toward meat consumption by inducing feelings of anticipatory guilt. *Appetite*, 138(1), 153-173.
- Weaver, W.W. (2012). Men who eat muskrat: It’s nothing like chicken. *Gastronomica*, 12(2), 66-67.
- Westcott, B. & Wang, S. (2020, 20. April). China’s wet markets are not what some people think they are. *CNN*. <https://edition.cnn.com/2020/04/14/asia/china-wet-market-coronavirus-intl-hnk/index.html>
- Williams, N.M. (2015). The ethics of care and humane meat: Why care is not ambiguous about “humane“ meat. *Journal of social philosophy*, 46(2), 264-279.
- Zaraska, M. (2016). Mind over meat. *Scientific American*, 27(4), 50-55.
- Zechenter, E.M. (1997). In The Name Of Culture: Cultural Relativism And The Abuse Of The Individual. *Journal of Anthropological Research*, 53(1), 319-347.